

Ed. **36. Frumvarp til laga**

um tekjuskattsviðauka árið 1947.

(Lagt fyrir Alþingi á 66. löggjafarþingi, 1946).

1. gr.

Auk skatta þeirra, sem í 6. gr. laga nr. 6 1935, sbr. 1. gr. laga nr. 20 1942, og í lögum nr. 21 1942 getur, skal árið 1947 leggja á tekjur ársins 1946 skattauka samkvæmt eftirfarandi reglum:

Af skattskyldum tekjum lægri en 8000 kr. greiðist enginn skattauki.

Af skattskyldum tekjum yfir 8000 kr., en undir 9000, greiðast 2%.

Af	9—	10	þús. kr.	greiðist	20 kr. af	9	þús. og	4 %	af afgangi.
---	10—	12	---	---	60	---	10	---	5 %
---	12—	14	---	---	160	---	12	---	6 %
---	14—	17	---	---	280	---	14	---	7 %
---	17—	20	---	---	490	---	17	---	8 %
---	20—	25	---	---	730	---	20	---	9 %
---	25—	30	---	---	1180	---	25	---	10 %
---	30—	40	---	---	1680	---	30	---	11 %
---	40—	100	---	---	2780	---	40	---	12 %
---	100—	125	---	---	9980	---	100	---	10 %
---	125—	150	---	---	12480	---	125	---	7 %
---	150—	200	---	---	14230	---	150	---	5 %
---	200	---	---	---	16730	---	200	---	---

2. gr.

Um álagningu, gjalddaga, lögtaksrétt, viðurlög og innheimtu þessa skatts fer að lögum um tekjuskatt og eignarskatt (sbr. lög nr. 20 20. maí 1942, 14. gr. a.).

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Í frv. þessu er gert ráð fyrir, að framlengd verði á árinu 1947 lög nr. 111 31. des. 1945, um tekjuskattsviðauka árið 1946. Þykir þetta nauðsynlegt, enda eru gjöld í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 1947 áætluð hærri en þau eru í núgildandi fjárlögum.